

- Taxti D7. Hitun með rofi í 4 mánuði, mánuðina nóvember til og með febrúar, sama og á taxa D3. Orkugjald 1,32 kr/kWh og fast gjald 3 410,00 kr/a.
- Taxti D9. Hitun með rofi í 2 mánuði, mánuðina desember til og með janúar, sama og á taxa D3. Orkugjald 2,02 kr/kWh og fast gjald 3 410,00 kr/a.
- Skýring við gjaldskrárlið G:
Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir gjaldskrárliðum C2, C3, D3, D5, D7 og D9.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám hitaveitna með gildistöku frá og með 1. janúar 1987:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur nr. 186 20. mars 1986.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 15,0%

Gjaldskrá Hitaveitu Brautarholts nr. 355, 21. ágúst 1985:

2. liður 5. gr. orðist svo:

Vatnsgjald fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils:

a) Sundlaug kr. 130,00

b) Önnur hús kr. 260,00

7. gr. orðist svo:

Heimæðargjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 m³ kr. 43 200,00

Hús 400—2000 m³ kr. 43 200,00

fyrir 400m³ og á hvern rúmmetra þar fram yfir kr. 38,00

Hús stærri en 2000 m³ kr. 103 680,00

og á hvern rúmmetra þar fram yfir kr. 27,00

Stofngjald fyrir hvern aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er .. kr. 3 600,00

Heimæðargjald er gjaldkræft, þegar tengingu heimæðar er lokið.

Aðrir gjaldskrárliðir verði óbreyttir.

Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 193 20. mars 1986:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 14,0%

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.